



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Vinstrisins um fjölda þeirra sem sækja miðstöðvar Reykjavíkurborgar

Þann 13. ágúst 2026 lagði fulltrúi Vinstrisins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir tölulegum upplýsingum um fjölda þeirra sem sækja miðstöðvar borgarinnar ár hvert. Þá er einnig óskað eftir sundurliðun eftir miðstöðum ef þær upplýsingar liggja fyrir sem og öðrum upplýsingum sem kunna að varpa ljósi á fjölda þeirra sem mæta á miðstöðvar borgarinnar í leit að þjónustu, upplýsingum, stuðningi og ráðgjöf.

Svar:

Engin samræmd skráning yfir komur gesta á miðstöðvar er framkvæmd á velferðarsviði. Hins vegar hafa notendur þjónustu verið spurðir að því á tveggja ára fresti í þjónustu- og aðgengiskönnun velferðarsviðs, hvar þeir vilja helst sækja þjónustuna. Sjá nánar: <https://reykjavik.eu.qualtrics.com/reports/RC/public/cmV5a2phdmlrLTY4MzRkOTcyMDA0NTE4MDAwOGVIZWNhNi1VUI9kcDJGcmRReW9lSkNINUU=>

Mánudaginn 24. ágúst sl. framkvæmdi teymi árangurs- og gæðamats útgöngukönnun á miðstöðvum Reykjavíkurborgar þar sem fjöldi gesta sem kom í þjónustuskála var talinn án sérstakrar sundurgreiningar eftir erindi. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar komu 183 gestir á Suðurmiðstöð, 87 gestir á Austurmiðstöð og 355 gestir á Norðurmiðstöð, sem einnig þjónustar borgarhlutann sem Vesturmiðstöð tilheyrir. Alls voru þetta 625 gestir.

Stærstur hluti þeirra sem mæta á miðstöðvarnar eru notendur á fjárhagsaðstoð sem koma þangað í þeim erindagjörðum að sanna á sér deili, í samræmi við reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Á tímabilinu 24. ágúst til 7. september 2026 voru 878 einstaklingar á mætingarlistum yfir notendur fjárhagsaðstoðar sem áttu að mæta á miðstöðvar og gera grein fyrir sér. Alls mættu 516 í þjónustuskála á þessu tímabili í því skyni. Greining á daglegum komum í þjónustuskála umrætt tímabil til að sanna á sér deili, milli miðstöðva er eftirfarandi:

- Austurmiðstöð, 146 á mætingarlista, að meðaltali mættu 73 í skála á dag
- Norðurmiðstöð, 219 á mætingarlista, að meðaltali mættu 136 í skála á dag
- Suðurmiðstöð, 238 á mætingarlista, að meðaltali mættu 147 í skála á dag





- Vesturmiðstöð, 275 á mætingarlista, að meðaltali mættu 160 í skála á dag

Á Suðurmiðstöð var haldin skráning yfir mætingu í afgreiðslu á fyrstu sjö mánuðum ársins 2026. Taflan hér fyrir neðan sýnir heildarfjölda þeirra sem mættu í miðstöðina á þessu tímabili og meðalfjölda á viku. Skráningin var framkvæmd af starfsfólki í afgreiðslu.

Tafla 1. Komur í afgreiðslu Suðurmiðstöðvar janúar – júlí 2026

Mánuður	Heildartölur	Meðalkomur á viku
Janúar	1953	488
Febrúar	1703	417
Mars	2063	460
Apríl	1877	420
Maí	1860	465
Júní	1695	376
Júlí	1864	407

Meðalfjöldi notenda sem mætti í miðstöðina á mánudögum var 147, á fimmtudögum 145 og á fyrsta degi mánaðar 136.

